

106. fundur í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses.  
Haldinn í Bergi 21. september 2021. Fundur hófst kl. 10:00.

Mætt: Freyr Antonsson, formaður, Dóróþea Reimarsdóttir, Þórhalla Karlsdóttir og Björk Hólm Þorsteinsdóttir, forstöðumaður Menningarhússins Bergs.

**Dagskrá:**

- 1. Fjárhagsstaða.** Útlit er fyrir að afkoma Menningarfélagsins verði réttu megin við núllið á árinu 2021. Formanni falið að ganga frá endurnýjun samnings við Dalvíkurbyggð vegna árlegs framlags þeirra til rekstursins og þeirrar bókhaldsþjónustu sem Dalvíkurbyggð veitir Menningarfélaginu.
- 2. Framkvæmdastjóri Bergs Menningarhúss.** Byggðaráð samþykkti á fundi sínum 30. september s.l. að verða við ósk stjórnar um að hverfa til fyrra horfs varðandi starf framkvæmdastjóra frá og með 1. janúar 2022, þ.e. ráðningu í 50% starfshlutfall. Á fundinum var gengið frá auglýsingu um starfið með umsóknarfresti til og með 15. nóvember. Samþykkt að ráða í stöðuna frá og með 1. desember eða síðar eftir samkomulagi. Sá möguleiki er fyrir hendi að umsjón kaffihússins geti farið saman við starf framkvæmdastjóra og viðkomandi þá skapað sér fulla vinnu. Formanni falið að afla nákvæmra upplýsinga um upphæð launa framkvæmdastjóra út frá þeim forsendum sem í gildi voru á meðan starf forstöðumanns var ótengt yfirmanni safna. Stjórnin samþykkir að formaður og framkvæmdastjóri taki viðtöl við umsækjendur og formaður leggi síðan það sem fram kemur í þeim fyrir stjórn Menningarfélagsins ses sem ákveður ráðninguna.
- 3. Viðburðir framundan.** Framkvæmdastjóri fór yfir viðburði sem eru í vændum og að hverju hann er að vinna í þeim efnum. Nauðsynlegt er að vekja athygli almennings á að tækifæri eru til að vera með ýmiss konar viðburði í húsinu í samráði við forstöðumann.

Fundi slitið kl.12:20.